

**Sp. 145. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]**

um afgreiðslu skaðabótamála vegna slysa.

Flm.: Axel Jónsson, Stefán Valgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina, að hún geri, með undirbúningi laga-setningar ef með þarf, ráðstafanir til þess, að skaðabótamál vegna slysa fái hraðari afgreiðslu en verið hefur almennt.

Sé þá hafður í huga sá möguleiki, að þegar dæmt er um bótaskyldu sérstaklega, án þess að dæmt sé jafnframt um bótafjárhæðir, verði settar reglur um greiðslu-skyldu hinna bótaskyldu og váttryggjenda þeirra á ákveðnum fjárhæðum upp í endanlegar skaðabótagreiðslur, sem síðar yrðu ákveðnar með dómi.

**Greinargerð.**

Það er alkunna, að skaðabótamál út af slysum taka óhæfilega langan tíma, hverjar sem orsakir þess kunna að vera. Hafa slík mál víst stundum tekið allt upp í áratug. Má öllum ljóst vera, að bótanna er í flestum tilvikum mest þörf, þegar áfallið verður eða fyrst eftir það. Flutningsmenn vilja ekki fullyrða neitt um það, hvort lagabreytinga sé þörf eða unnt kunni að vera að koma nauðsynlegum breyting-um á, að því er hraða málsmeðferðar snertir, án þeirra, en væntanlega yrði þörf lagabreytinga til þess að skylda greiðendur til greiðslu upp í endanlegar bætur, strax þegar bótaskyldu hefur verið slegið fastri, en aðgreining mála um bótaskyldu og bótafjárhæð getur í mörgum tilvikum flýtt mjög fyrir lyktum þeirra.